

Kristján Thorlacius hrl.
Lögmannastofan Fortis ehf.
Laugavegi 7
101 Reykjavík

Reykjavík, 13. desember 2021

Efni: Eftirlit með HNLÍ

Eins og þér er kunnugt hafa Sjúkratryggingar Íslands (SÍ) haft til skoðunar starfsemi Heilsustofnunar Náttúrulækningafélags Íslands (HNLÍ) í samræmi við þær skyldur sem stofnunin hefur um eftirlit með samningsaðilum og þjónustuveitendum heilbrigðisþjónustu. Vísað er til fyrri samskipta þar um.

Með svarbréfi Kristjáns Thorlacius f.h. HNLÍ dags. 21.10. sl. bárust bókanir við samning milli Heilbrigðisráðuneytisins og NLFÍ, dags. 8. nóvember 1991. Þær varpa ljósi á tilurð og upphæð þeirrar arðgreiðslu sem greidd hefur verið til NFLÍ vegna eigna sem samið var um að yrðu færðar yfir til HNLÍ, þ.e. allar eignir á Heilsuhælislóðinni, sbr. samkomulag. dags. 20. nóvember 1991.

SÍ líta svo á að arðgreiðslur skv. framangreindum bókunum séu órjúfanlegur hluti samkomulagsins um færslu eignanna inn í HNLÍ og upphæð arðgreiðslanna aldrei hærri en verðbætt upphæð sú sem fram kom í bókunum.

Í 7. lið í framangreindum bókunum segir að það sé skilningur samningsaðila að NLFÍ beri eðlilegur arður af eignum sínum sem nýttar eru í þágu Heilsustofnunarinnar og sé sá arður reiknaður inn í lið 3 a í sömu bókun. Þá er rétt að lesa 7. og 8. liði saman, en í 8. lið kemur fram að með þessu samkomulagi verði í engu dregið úr framkvæmdum við uppbyggingu og umhirða húseigna og búnaðar verði í engu lakari en verið hefur. Þannig hefur arðgreiðslu skv. samningi verið ætlað að standa undir viðhaldi og endurbótum. Sá kostnaður er þó greiddur af HNLÍ ásamt því að tekinn er út áðurnefndur arður sem nam 9 m.kr. á verðlagi ársins 1990. Sú upphæð er 29,8 m.kr. (verðlag júní 2020). HNLÍ hefur skv. fyrirbyggjandi ársreikningum greitt að jafnaði 45 m.kr. á ári sl. 15 ár til NFLÍ. Umframúttekt NLFÍ út úr HNLÍ miðað við bókanir með samningi frá 1991 er uppreiknuð **210 m.kr. á verðlagi ársins 2021 undanfarin 15 ár.**

Í lið 3a í áðurnefndum bókunum við samninginn kemur fram að greiðslur ríkisins fyrir 100 rúm á endurhæfingardeild HNLÍ væru 186 m.kr. og í 7. lið að arður sá sem NLFÍ beri skuli vera inni í þeirri upphæð. Þannig má skilja að ekki væri heimilt að þenja reksturinn út umfram þessar 186 m.kr. og velta þeim umframkostnaði á sjúklinga svo standa mætti undir arðgreiðslum til NFLÍ. Rétt er í þessu sambandi að benda á skýrslu Ríkisendurskoðunar frá 1991 og niðurstöðu hennar þessu til stuðnings, þ.e. að HNLÍ hefði átt að haga rekstri sínum þannig skv. samningnum að greiðsla ríkisins til HNLÍ



stæði undir öllum rekstrarkostnaði og arðgreiðslum svo að ekki hefði átt að koma til gjaldtöku af sjúklingum til að standa undir dvöl þeirra í endurhæfingu hjá HNLFI.

Í skýrslu með ársreikningi 2009 kemur fram að stjórn HNLFI tók ákvörðun um að hækka arðgreiðslur umfram það sem bókunin ákvarðaði:

1.a. Ákvörðun stjórnar að úttekt á heilsutengdri ferðaþjónustu með hliðsjón að framtíðarþróun stofnunarinnar. Þessi kostnaður nam 7,7 millj.króna.

b. Ákvörðun stjórnar um hækkun á framlagi til NLFÍ um 20 millj.króna.

6.e. Við stofnun Heilsustofnunar NLFÍ sem tók við af Heilsuhælinu voru fasteignir færðar til eignfærslu inni stofnunina. Fasteignir eru enn þinglýstar á NLFÍ.

Því er ljóst að hækkun „framlagsins“ er ákvörðuð af stjórn án aðkomu samningsaðila (þ.e. SÍ eða Heilbrigðisráðuneytisins) og í raun aukin úttekt eiganda á fjármunum úr félaginu. Þá er ljóst að verið er að nýta rekstrarfé HNLFI til „heilsutengdrar ferðaþjónustu“ sem ekki er samningsbundin starfsemi skv. samningi við SÍ. Rétt er að minna á að í bréfi SÍ dags. 15.10. sl. var vísað til þess að skv. hreyfingalista 2018 voru greiddar tæplega 20 m.kr. vegna gerðar viðskiptaáætlunar sem ekki var gerð vegna rekstrar HNLFI. SÍ hefur ekki aðra hreyfingalista úr rekstri HNLFI, en þessi tvö dæmi gefa tilefni til að ætla að rekstur HNLFI kunni að vera látinn bera margháttaðan kostnað sem tengist ekki rekstri Heilsustofnunarinnar.

Í bókun endurskoðanda í ársskýrslunni frá 2009 kemur einnig fram að eignfærslu fasteigna frá NLFÍ til HNLFI hafi ekki verið þinglýst þó um það hafi verið gert samkomulag 1991.

Sambærilegar bókanir endurskoðanda má finna í öðrum fyrirliggjandi ársskýrslum. Þannig hefur ítrekað verið bent á að þetta samkomulag hafi ekki verið efnt að þessu leyti allar götur frá 1991. Í reikningum HNLFI eru fasteignir og lóðaréttindi á svæði Heilsustofnunar tilteknar sem eign HNLFI og stofnunin skrifuð fyrir langtímaskuldum því tengdum og afborganir skulda teknar út úr rekstrinum. Enn fremur greiðir HNLFI fyrir allan rekstur og viðhald fasteignanna þ.m.t. vegna heitavatnsborhola og vatnsveitu. Þessar eignir eru þó allar þinglýstar á NLFÍ. Þó skal á það bent að skv. lóðaleigusamningum var lóðarréttindum þinglýst á HNLFI árin 2001-2004. Þeim réttindum var þinglýst frá HNLFI til NLFÍ árið 2004 án skýringa.

Í þessu sambandi er þó rétt að benda á að bókunin við samninginn frá 1991 hefur ekkert gildi í dag. Enga slíka bókun má finna með núgildandi samningi HNLFI við SÍ. Engin slík bókun var í fyrirrennara þess samnings sem gerður var við NLFÍ f.h. HNLFI frá 1. janúar 2012, né fyrirrennara þess samnings frá 2007-2011. **Að mati SÍ er millifærsla á fjármunum frá HNLFI til NLFÍ með öllu óheimil og skýrt brot á grein 10.3 í núgildandi samningi.**



Í bréfi lögmanns HNLFI dags. 4.10.2021 kom eftirfarandi fram: „Þá lagði NLFÍ fram lóðir við Lækjarbrún sem hluta af greiðslu til verktakafyrirtækis sem reisti C álmu (Perluströnd). Byggt var á 40 lóðum, andvirði hverrar lóðar var metið kr. 800.000, mv. byggingavísitölu í janúar 2003, sem uppreiknað gerir um kr. 90,7 milljónir.“ Þetta virðist ekki vera rétt því í lóðaleigusamningi voru lóðarréttindin þinglýst eign HNLFI árið 2001-2004. Þarfnast þessi fasteignaumsvif og afsal lóðarréttinda sérstakrar skoðunar. Rétt er að benda á að samkvæmt gögnum frá Hveragerðisbæ sem SÍ hefur undir höndum, var HNLFI með lóðaleigusamningi frá 2001 með lóðir til umráða sem eru í eigu Hveragerðisbæjar, alls u.þ.b. 140.000 fm. Þann 4.2.2004 var lagt inn nýtt lóðablað unnið af Verkfræðistofu Suðurlands þar sem lóðir við Lækjabrún höfðu verið afmarkaðar frá lóð HNLFI. Þann 5. febrúar 2004 voru lóðirnar Lækjabrún 1-8, 9-16, 17-24, 25-832 og 33-40 stofnaðar út úr lóð HNLFI og þessu þinglýst (mótt.10.2.2004 og innfært 26.2.2004). Þann 26. mars 2004 var breytingunni svo þinglýst og lóðin orðin 120.595 fm. sbr. yfirlýsingu Hveragerðisbæjar dags. 24.3.2004. Þann 1. október 2004 óskar varaforseti NFLÍ eftir að gerður verði nýr lóðaleigusamningur um lóðina Grænumörk 10 og lóðinni verði skipt upp í fjórar lóðir með nánar tilgreindum hætti og lóðarhafi lóðarinnar Grænamörk 10 verði NLFÍ um leið og NLFÍ afsali umráðarétti yfir svæði sem nær til lóðanna Lækjabrún 1-24 til ÍAV.

Allan þennan tíma var HNLFI lóðarhafi og mikilvægt að hafa í huga að NFLÍ og HNLFI eru hvor sinn lögaðilinn með hvora sína kennitöluna og hvorn sinn rekstrar- og efnahagsreikning. SÍ ítreka að þessi umsvif þarfnast frekari skoðunar sem og önnur fasteignaumsvif og fjármunafærslur þeim tengdar.

Enn fremur er mikilvægt að skoðað verði hvort sú tilhögun á gerð ársreiknings hvað varðar skuldir og eignir standist lög um ársreikninga, þ.e. hvort það standist að þar standi inni eignir og skuldir sem eru þinglýstar öðrum aðila. Þá má velta upp þeirri spurningu hvort kennitala HNLFI sé samningstæk samkvæmt lögum um opinber innkaup enda standa engar þinglýstar eignir þar að baki. Slík athugun er ekki á verksviði SÍ og hefur þessum þætti málsins vísað til Ríkisendurskoðunar sem hefur heimild til eftirlits með framkvæmd samninga sem gerðir eru við sveitarfélög eða einkaaðila, sbr. d. lið 4. gr. laga nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga. Sú heimild nær bæði til fjárhags- og stjórnásluendurskoðunar.

Ljóst er að úttekt móðurfélagsins á fjármunum út úr rekstri Heilsustofnunarinnar, þ.e. tæplega 600 m.kr. verðbætt undanfarin 15 ár, og það að HNLFI hafi verið látin greiða afborganir lána af fasteignum í eigu NLFÍ ásamt því að bera allan viðhalds- og rekstrarkostnað, hefur skekk rekstrarreikning HNLFI sem því nemur. Rétt er að halda því sjónarmiði til haga að þessi úttekt var ekki lögmat, að mati SÍ, enda engin bókun um slíkt við gerða samninga og enn fremur að samkomulag um færslu eigna inn í HNLFI hefur aldrei verið efnt. Sem fyrr segir hefur endurskoðandi félagsins árlega gert athugasemd í áritun sinni á ársreikning. Að auki er upplýst að teknir hafa verið fjármunir út úr rekstrinum sem koma rekstri Heilsustofnunarinnar ekkert við. Í þessu sambandi skal vísað til greinar 10.2 í samningi milli SÍ og HNLFI, en þar segir að halda



**Sjúkratryggingar
Íslands**

skuli aðskildum fjárreiðum og reikningshaldi vegna þeirrar starfsemi og þjónustu er samningurinn tekur til aðgreindum í bókhaldi frá öðrum rekstri og eignum verksala.

Þá segir í grein 10.3 að óheimilt sé að ráðstafa fé sem greitt er vegna samningsins þessa til annars en þeirra verkefna sem tilgreind eru í samningnum og samrýmist almennum kröfum sem gera verður um meðferð á skattfé.

Hið háa gistigjald, sem þeir sem njóta endurhæfingar eru látnir greiða, er látið standa undir þessu rekstri. Í fyrra bréfi eftirlitsdeildar til HNLFÍ var bent á hversu mjög gistigjaldið hefur verið hækkað og langt umfram það sem áður var samið um. Aldrei var veitt heimild til slíkrar úttektar og hún er beinlínis í andstöðu við samninginn.

Því er gerð sú krafa til HNLFÍ með vísan til 15. gr. samnings milli SÍ og HNLFÍ og 1. tl. 48. gr. laga nr. 112/2008 um sjúkratryggingar sem kveður á um vanefndir og aðgerðir vegna vanefnda að:

1. Náttúrulækningafélag Íslands hætti að taka árlega arðgreiðslu út úr rekstri Heilsustofnunarinnar enda engin heimild fyrir því.
2. Skilið verði á milli rekstrar Heilsustofnunar og annars óskylds rekstrar í bókum stofnunarinnar, sbr. greinar 10.2 og 10.3 í samningi milli SÍ og HNLFÍ.
3. Samkomulag um fasteignir og lóðarréttindi frá 1991 verði efnt. Að öðrum kosti verði allt fjarlægt úr reikningum stofnunarinnar sem lýtur að skuldbindingum og skyldum sem tengjast fasteignum og lóðarréttindum. HNLFÍ leggi þá fram ábyrgðaryfirlýsingu frá banka svo sýna megi fram á jákvætt eigið fé sem væri að minnsta kosti 1/3 af ársveltum.
4. Gjald sem tekið er af þeim sem sækja þverfaglega endurhæfingu verði lækkað umtalsvert þannig að það endurspegli raunkostnað vegna gistinátta.

Þá vilja SÍ áréttta, í samræmi við 2. tl. 48. gr. laga um sjúkratryggingar, að frekari brot á samningi kunna að leiða til þess að SÍ meti önnur vanefndarúrræði, s.s. riftun samnings.

Fyrir hönd Sjúkratrygginga Íslands,

Ari Matthíasson, deildarstjóri eftirlitsdeildar

Afrit sent á Ríkisendurskoðun og Heilbrigðisráðuneytið